AUGLÝSING

(IX) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2009/2010 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

Strandabyggð.

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2009/2010 fyrir Hólmavík með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) Skipta skal helmingi úthlutaðs byggðakvóta, 50 þorskígildistonnum, jafnt milli þeirra báta/skipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, en 50 þorskígildistonnum skal skipt samkvæmt ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar, enda uppfylli þeir skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar. Bátar/skip eiga rétt á úthlutun úr báðum úthlutunarpottum.
b) 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.
c) Ákvæði 4. gr. um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun fellur niður.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 16. júní 2010.

F. h. r.
Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Hinrik Greipsson.

B-deild – Útgáfud.: 16. júní 2010